

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar nr. 718 7. desember 1998.

Stjórn Námssjóðs Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. hefur samþykkt þá breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 3. desember 1998 að nafn sjóðsins verði hér eftir Námssjóður Eskju hf.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.